

Hönnun og smíði 3

Markmið með þessari lotu er að:

Nemendur læri: örugga meðferð verkfæra og góða umgengni í smíðastofunni; góða líkamsbeitingu við vinnu; örugga aðferð við tálgun; og þjálfist í notkun ýmissa handverkfæra.

Námsgögn sem við notum:

Ýmis handverkfæri. Gegnheill viður, krossviður, spónaplötur, mdf plötur og ýmislegt endurnýtt efni.

Kennsluhættir í lotunni:

Sýnikennsla, samvinnunám, verkefnavinna.

Námsmat:

Leiðsagnarmat, nemendur fá endurgjöf meðan unnið er. Gátlistar tengdir hæfniviðmiðum Aðalnámskrár.

VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

Hönnun og smíði fyrir 1.-4. bekk

- Framvinda
- Hæfnieinkunn (tákn)

Hönnun og smíði fyrir 1.-4. bekk - Handverk

- Valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt.

Hönnun og smíði fyrir 1.-4. bekk - Hönnun og tækni

- Dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.
- Sagt frá orkugjöfum sem nota má í smíðaverkefnum og nýtt virknipætti í smíðisgripum, s.s. vogarafl, gorma og teygjur.
- Unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.

- Framkvæmt einfaldar samsetningar.

Hönnun og smíði fyrir 1.-4. bekk - Umhverfi

- Beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar

List- og verkgreinar sameiginleg fyrir 1.-4. bekk - Menningarläsi

- Unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.
- Tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.
- Gengið frá eftir vinnu sína.
- Lagt mat á eigin verk.